

Almenningssamgöngur - hvaða þættir skipta máli á höfuðborgarsvæðinu?

Daði Baldur Ottósson, Sólrún Svava Skúladóttir

Nokkrar skýrslur og rannsóknir hafa fjallað um núverandi ástand almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og skoðað ýmsa þætti sem hafa áhrif á vistvænar samgöngur. Þá hafa verið framkvæmdar ferðavenjukannanir nokkuð reglulega.

Megin markmið rannsóknarinnar var að svara hvaða þættir skipta meiru máli en aðrir við gæði almenningssamganga (s.s. tíðni, ferðatími, gæði biðstöðva) á höfuðborgarsvæðinu til þess að fleiri kjósi að nýta sér þær. Með því að auka skilning á einstaka þáttum sem áhrif hafa eða koma í veg fyrir að fólk noti almenningssamgöngur er vonast til að sú þekking komi að notum við að forgangsraða verkefnum tengdum eflingu almenningssamgangna. Framkvæmd var viðhorfskönnun (af Maskínu) á ferðavenjum íbúa höfuðborgarsvæðisins til þess að svara rannsóknarspurningunni.

Niðurstöður könnunarinnar benda til að um 20% íbúa höfuðborgarsvæðisins nota Strætó einu sinni eða oftár í mánuði, sem er aðeins minna en nýlegar ferðavenjukannanir Strætó hafa gefið til kynna (um 30% árið 2016 og 2017). Megin niðurstöðurnar eru þær að aukin tíðni ferða, styttri ferðatími, ódýrara fargjald og bættur greiðleiki við skiptingar eru þær úrbætur sem skipta íbúa hvað mestu máli. Til marks um mikilvægi tíðni ferða og ferðatíma, þá svöruðu um 40% þáttakenda könnunarinnar að ferð með Strætó megi aðeins taka 10 mín eða skemmri tíma en sama ferð í einkabíl og um 12% sögðu að Strætó þyrfti að vera fljótari en einkabíllinn. Að lokum, ólíkt mörgum eldri ferðavenjukönnunum, þá var spurt um staðsetningu vinnu/skóla sem fólk ferðast oftast til og benda niðurstöður til þess að núverandi leiðarkerfi Strætó hafi áhrif á það hvort almenningssamgöngur séu ákjósanlegur ferðamáti eður ei.